

**Fundargerð 142. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis, fimmtudaginn 2. febrúar 2023 kl: 16:00, Staðfundur/Teams á skrifstofu í Bolungarvík. Mætt voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Guðbjörg Þrastardóttir, Lilja Magnúsdóttir, og Jón Hörður Elíasson. Fulltrúi avinnurekenda, Einar Valur Kristjánsson**

## Dagskrá

1. Ársreikningur 2022
2. Bílakaup
3. Starfsleyfi fyrirtækja
4. Starfsleyfi frá síðasta fundi
5. Sveitarfélög
6. Skipulagsmál
7. Frá ráðuneyti
8. Matvælastofnun /Umhverfisstofnun
9. Umsagnir til sýslumanns Tækifærisleyfi
10. Umsagnir til sýslumanns Rekstrarleyfi
11. Önnur mál

### 1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits 2022

13397 Heilbrigðisfulltrúi kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2022. Heildar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 48.314.956. Eftirlitsgjöld voru kr. 30.521.586. Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir þeim liðum sem voru umfram áætlun. Sértekjur voru rúmum 5.000.000 umfram áætlun 2022 og er lagt til að ráðstafa þeim til kaupa á rafmagnsbifreið með fyrirvara um samþykki sveitarfélaga. Heilbrigðisnefndin fjallaði um ársreikninginn og var hann samþykktur. Ársreikningurinn verður sendur til sveitarfélaganna.

### 2. Kaup á rafmagnsbifreið

Framkvæmdastjóri upplýsti að búið væri að panta fjórhjóladrifna Tesla Y bifreið. Kaupverð áætlað 7.731.988 kr. Búið er að greiða 35.000 kr staðfestingargjald. Lagt til að 5.000.000 verði ráðstafað til bílakaupa en afgangur tekinn að láni hjá Landsbankanum.

### 3. Starfsleyfi fyrirtækja, heilbrigðisnefnd staðfestir útgáfu neðangreindra starfsleyfa:

Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. lögum um hollustuhætti nr. 7/1998 og lögum um matvæli nr. 93/1995 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018. Leyfin eru veitt með fyrirvara um að lokaúttekt heilbrigðiseftirlits hafi farið fram og starfsemin samræmist kröfum í byggingarreglugerð. Starfsleyfi er veitt með fyrirvara um auglýsingu og kynningu. Starfsleyfi sem byggja á matvælalögum eru ótímabundin. Önnur starfsleyfi eru veitt til 12 ára.

## Ný starfsleyfi

- 14316 Guðfinna Lára Hávarðardóttir kt 230889-2879 fyrir einkavatnsveitu vegna matvælavinnslu að Stóra-Fjarðarhorni, 511 Hólmavík

## Endurnýjun á starfsleyfi

- 14322 Hótel Breiðavík ehf kt 180766-4999 fyrir hótel með veitingasölu.  
14323 Hótel Breiðavík ehf kt 180766-4999 fyrir tjald og hjólhýsasvæði.  
14325 FMS hf kt 530787-1769, 400 Ísafirði  
14366 Vélaverkstæði Helga Bjarnasonar kt 030557-6039, 420 Súðavík  
14371 Félagsheimilið Hnífsdal kt 500480-0339, 410 Hnífsdal  
14395 Steypustöð Ísafjarðar ehf kt 6103070350  
14399 Kubbur ehf kt. 66061650 yfirfærsla á starfsleyfi frá Terra- Funi  
14400 Kubbur ehf kt. 66061650 yfirfærsla á starfsleyfi frá Terra- Gáma og spilliefnaflutningar  
14001 Kubbur ehf kt. 66061650 yfirfærsla á starfsleyfi frá Terra- Græningarður  
14003 Kubbur ehf kt. 66061650 yfirfærsla á starfsleyfi frá Terra- Endurvinnsla úrgangs  
14004 Kubbur ehf kt. 66061650 yfirfærsla á starfsleyfi frá Terra- Sorphirða og sorpflutningar
- 14396 Tilkynning um aðilaskipti Skeljungur IS ehf kt 6309212010 mun taka yfir rekstri og eignarhaldi á starfsemi Skeljungs hf 5902691749 Heilbrigðisfulltrúa falið að afgreiða eftir að ljóst er hvort það þurfi að auglýsa á ný.

## **4. Starfsleyfi frá síðasta fundi**

- 13923 Málmar og partar ehf  
13923 Fyrirspurn frá Hafliða Halldórssyni um framgang máls

*Athugasemdir bárust frá Súðavíkurrepp og Umhverfisstofnun.*

*“Súðavíkurreppur getur fallist á fyrir sitt leyti að leyfa niðurrif á Eið ÍS-126 í landi Gardstaða svo sem sótt hefur verið um. Það er skilyrði af hálfu Súðavíkurrepps að gerður verði samningur við umsækjanda að þeir kostir verði settir í starfsleyfið að það sé háð tímamörkum og fleiri atriðum sem snúa að Súðavíkurreppi.*

*Þannig er það skýlaus krafa að útgáfa verði háð því að umsækjandi geri þríhliða samning við Súðavíkurrepp og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um framkvæmdina og að leyfi til niðurrifs verði ekki gefið út fyrr en ritað hefur verið undir þann samning.”*

*Umhverfisstofn: „Í fyrsta lagi bendir stofnunin á það að vátryggingu þarf til niðurrifs skipa skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda en þar segir m.a. að þeir sem stunda atvinnustarfsemi sem talin er upp í a-lið viðauka 1 eiga að taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda en undir a-lið fellur m.a. viðhald og niðurrif skipa.*

*Auk þess þarf viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar að liggja fyrir skv. 17. gr. áðurnefndra laga áður en starfsleyfi til niðurrifs skipa er gefið út en ekki er að sjá að slík áætlun sé fyrir hendi. Að mati stofnuninnar telst niðurrif skipa til endurvinnslu sem fellur að skilgreiningunni í 3. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt þeirri grein fer endurvinnsla skipa fram í skipaendurvinnslustöð. „*

Ljóst er að Eiður ÍS 126 er ekki hæfur til flutninga á sjó um langan veg og því ekki mögulegt að flytja á annan stað. Heilbrigðisnefnd samþykkir starfsleyfi til eins árs samkvæmt auglýstri starfsleyfistillögu með þeirri viðbót að bráðamengunartryggingar verði til staðar fyrir framkvæmdina. Að öðru leiti er tekið á athugasemdum í starfsleyfi ásamt samningi Súðavíkurrepps, Heilbrigðiseftirlits og Þorbjörns Steingrímssonar.

#### Niðurfelling á starfsleyfi

14373 Fiskvinnslan Hrefna kt 591119-1170 hætt starfsemi

### **5. Sveitarfélög kynnt**

- 14301 Ástandsskoðun á Pollgötu 4 unnið af Eflu. Úrbætur hafnar í samráði við Eflu Verkfræðistofu.
- 14398 Heildarefnagreining neysluvatns fyrir Bolungarvík, Ísafjörð, Patreksfjörð, Bíldudal og Hólmavík. Allar niðurstöður standast gæðakröfur

### **6. Umsagnir um Skipulagsmál, kynnt**

- 14329 Umsögn um breytingu á hvíldartíma eldissvæði Háabrún ehf Skutulsfirði
- 14303 Deiliskipulagstillaga að Reykjanesi við Djúp
- 14330 Deiliskipulag Reykjanes við Djúp umsögn Heilbrigðiseftirlits
- 14331 Nýr úrgangsolútankur á Patreksfirði innan olíuþróar ODR
- 14369 Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018 Iðnaðarsvæði I2 Gileyri skilmálabreyting
- 14370 Stækkun Mjólkárviðkjunar og afhending grænnar orku

### **7. Frá Ráðuneyti kynnt**

- 14314 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir nr. 6/2002
- 14368 Skráningarreglugerð- Umhverfisstofnun hefur ekki klárað vinnu við skráningargátt sem tók gildi 15. nóvember.

### **8. Matvælastofnun / Umhverfisstofnun, kynnt**

- 14299 Eftirlitsáætlun matvælafyrirtækja HEVF árið 2023 ásamt fjölda starfsmanna við matvælaeftirlit á Vestfjörðum
- 14305 Eftirlit með Bláskel 2022
- 14332 Upplýsingar um söfnun dýrahæja
- 14334 Erindisbréf MAST og HES matvælahópur
- 14335 Fundargerð Masts og Hes
- 14336 Sýnatökur vegna varmaefnaleifa
- 14338 LEMA listi yfir matvælafyrirtæki
- 14339 Leiðbeiningar fyrir þátttakendur ESA úttekta
- 14298 Leiðbeiningar um gerð starfsleyfis UST
- 14302 Breytingar á matvælafyrirtæki og upplýsingar á vef
- 14347 Gagnaskil fráveitu
- 14349 Skráningarreglugerð Starfsemi.is og svar Harðar HEF

### **9. Umsagnir um tækifærisleyfi til sýslumanns, kynnt**

- 14342 Áramótadansleikur Edinborg Bistro 0:15 -04:00 01.2023
- 14343 Þorablót Félagsheimilinu Reykhólum 21. 01 2023
- 14344 Þorablót Drangnesi 28.01 2023
- 14348 Þorablót Tálknfirðinga 28. 01 2023
- 14351 Þorablót í Súðavík 11.1 2023

- 14352 Þorrablót íþróttahúsinu á Flateyri 4.2 2023
- 14353 Þorrablót Baldurshaga Bíldudal 4.2.2023
- 14354 Þorrablót Félagsheimilinu Patreksfirði 21.1 2023
- 14355 Þorrablót Félagsheimilinu Hólmavík 28. 01 2023

## **10. Umsagnir um Rekstrarleyfi til sýslumanns**

14346 Verbúðin Bolungarvík

## **11. Önnur Mál**

14374 Fjöldi starfandi heilbrigðisfulltrúa í árslok 2022  
Framkvæmdastjóri greindi frá væntanlegu veikindaleyfi.

Lilja Magnúsdóttir óskaði eftir að eftirfarandi sé bókað:

Ég tel að þar sem birst hafa fréttir í fjölmiðlum af meðhöndlun á laxi í partýtjaldi á bryggjunni á Ísafirði sé sett mjög varasamt fordæmi með að leyfa slíka starfsemi þvert á allar kröfur um aðstöðu og aðbúnað í fyrirtækjum sem vinna með matvæli.

### fundadagsetningar 2022-2023

- 15. desember
- 2. febrúar
- 11.mái
- 7.september
- 5.október
- 15.desember

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:16